# VOGABYGGÐ

## ...aftur til sjávar

Verkefnið fjallar um umbreytingu iðnaðarhverfis í íbúða-og atvinnuhverfi og hvernig fortíð og nútíð fléttast saman í heilsteypta nútíma- lega borgarmynd, sem endurspeglar borgarmenningu samtímans og samrýmist skipulagsstefnu Borgarinnar.

Markmiðið er að tengja Vogahverfið aftur við sjávarsíðuna og skapa þétta og lifandi byggð þar sem ímynd og saga hverfisins, sem iðnaðarsvæðis, er varðveitt. Þar verður lögð áhersla á umhverfisvænan ferðamáta og græn svæði/tengingar sem stuðla að heilbrigðu líferni, bæði andlegu og líkamlegu. Við viljum vekja athygli á smábátahöfninni og þeirri náttúruperlu sem er að skapast á landfyllingunum. Áhersla er lögð á sterka tengingu við smábátahöfnina sem almenningsrými og á Háubakka og mikilvægi þeirra í jarðsögulegu tilliti.

Í tillögugerðinni vinnum við með 4 stefnur:

1. *Byggðarstefnu - skipulag bygginga*
2. *Græna stefnu - garðar og útivistarsvæði*
3. *Bláa stefnu - svæðin við vatnið og meðferð regnvatns*
4. *Gráa stefnu - vegir, stígar og aðrar tengingar*

*Helstu atriði:*

- *Opna höfnina - styrkja menningararf Reykjavíkur sem borg við hafið*
- *Skapa lifandi byggð með mismunandi húsagerðum*
- *Halda ákveðnum lykilbyggingum – og þannig miðla sögu svæðisins*
- *Mynda grænan hjóla- og gönguás í gegnum hverfið sem tengir saman lykilbyggingar og stíga aðliggjandi hverfa*
- *Skapa tengsl við umhverfið í kring með sjónásum*
- *Skapa góða hjóla- og göngustíga sem tengja saman núverandi leiðir og stígakerfi hverfisins.*
- *Stuðla að lífræðilegri fjölbreytni með svæðum þar sem gróður fær að vaxa villt og fugla- og dýralíf fær að vera í friði fyrir ágangi manna*
- Skapa aðlaðandi útsýnissvæði
- Mynda skjólgóða suðurgarða við sem flestar íbúðir
- Gera landfyllingar aðlaðandi m.a. með fjölbreyttu íþrótta- og útivistarsvæði





Svæði A



Svæði B



Svæði C



Svæði D




| | | |
|---|---|---|
| Íbúðir | 87.500 $m^2$ | 52% |
| Atvinnuhúsnæði | 64.000 $m^2$ | 38% |
| Þjónusta | 15.000 $m^2$ | 10% |
| **Samtals** | **166.500 $m^2$** | |

Nýtingarhlutfall 1.23 (án bílakjallara)
Nýtingarhlutfall 1.42 (með bílakjallara)

620 bílastæði á yfirborði.
Umframþörf mætt með bílakjöllurum

900 íbúðir
ca. 60 íbúðir á ha.



*Atvinna*
*Íbúðir*
*Blönduð byggð*
*Þjónusta*



*Höfnin mjög sýnileg innan hverfisins*



*Sjóndsar frá aðliggjandi hverfum*



*Grænn ás tengir saman þjónustukjarna*




snið A-A




snið B-B

**35412**